

# Skólaráð Naustaskóla

2. fundur ársins 2013 þann 6. febrúar 2013

## Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir og Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Yrsa Hörn Helgadóttir, Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Erindi frá Foreldrafélagi.

- a. **Fræðsla um kynferðismál.** Á fundi Foreldrafélagsins um daginn kom fram fyrirspurn um hvernig skólinn ynni úr umræðunni sem verið hefur í gangi í þjóðfélaginu undanfarið varðandi kynferðisofbeldi, hvort það væri einhver fræðsla. Svarið er að það er í rauninni heilmikil fræðsla í gangi á vegum forvarnarfulltrúa bæjarins, skólahjúkrunarfræðings og námsráðgjafa. Fræðslan fylgir ákveðnu skipulagi sem hefur orðið til í samstarfi þessara aðila og er samræmd fyrir alla skóla bæjarins. Skólastjóri sendir fulltrúum plaggið til skoðunar.
- b. **Skipulag fjáraflana.** Í starfsáætlun var gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu:

Kaffisala á viðtalsdögum	10.b.
Hrekkjavökuball - eldri og yngri nem.	7.b.
Ball á vorönn - eldri og yngri nem.	7.b.
Dansleikir fyrir 8.-10. bekk	10.b.
Bingó	10.b.
Árshátíð – kaffisala	7.b.
Árshátíð – ball	10.b.
Vorhátíð – tombóla	6.b.
Vorhátíð – kaffihús	9.b.
Vorhátíð - ball	9.b.
Sala á skólafatnaði	10.b.

Upp hafa komið pælingar um hvort að gildandi skipulag um skiptingu „fjáröflunartækifæra“ milli 7. og 10. bekkjar sé óhentugt þar sem það gerir ráð fyrir að 7. bekkur fái allar tekjur af kaffisölu á árshátíð, sem er langstærsti einstaki fjáröflunarliðurinn sem í boði er. Hins vegar er erfitt að bakka með þetta fyrirkomulag í vetur þar sem foreldrar 7. bekkjar stóðu í bakstri í fyrra og hafa gert ráð fyrir þessu. Velt upp tillögum eins og að foreldrar í öllum árgöngum baki fyrir árshátíð, að 7. bekkur fái framvegis tekjur af kaffisölu á viðtalsdögum, að nýta foreldraheimsóknir af ýmsu tagi til kaffisölu o.fl. Vísað til nánari umfjöllunar í stjórn Foreldrafélagsins á morgun..

- c. **Hafragrautur.** Fyrirspurn um hvað líði áformum um að bjóða upp á hafragraut. Skólastjóri skoðar möguleikana í samstarfi við eldhúsið.

2. **Stundaskrárramma næsta vetrar.** Fyrsta umræða um stundaskrárramma, spurningin hvort að uppi væru einhverjar athugasemdir eða hugmyndir að breytingum en fyrstu plön gera ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi næsta vetur og nú er í gildi. Engar athugasemdir komu fram að sinni en óskað var eftir að taka upp umræðu um heimanám á næsta fundi.

3. **Valgreinar.** Rætt um valgreinaframboð. Fram komu ábendingar um að gjarnan mættu vera fleiri „raungreinamiðaðir“ valkostir í boði. Hugmyndir um að gera Legó að valgrein, bjóða upp á valgreinar þar sem áhersla væri á að tala tungumál o.fl.
4. **Skóladagatal 2013-2014.** Fyrsta umræða. Fyrir liggja drög að dagatali þar sem skólaárinu hefur einfaldlega verið stillt upp á svipaðan hátt og núverandi skólaári, samræmingarfundir með öðrum skólum á Brekkunni og síðan með Naustatjörn hafa ekki verið haldnir enn, en það gerist væntanlega á næstunni. Fram kom tillaga um að hafa frekar tvo foreldraviðtalsdaga í janúar (um miðjan mánuð) en aðeins einn dag í sept-okt. Skólastjóri sendir drög á fulltrúa og málið verður tekið aftur upp á næsta fundi.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð